

STJÓRNARTÍÐINDI B 79 – 1996

Nr. 565

1464

17. október 1996

SAMÞYKKT

um kattahald á Seltjarnarnesi.

1. gr.

Samþykkt þessi er gerð til að stuðla að því að eigendur og umráðamenn katta fari vel með ketti og tryggi þeim góða vist og sjái jafnframt til þess að þeir séu ekki á flækingi og af þeim stafi ekki ónæði og óþrifnaður.

2. gr.

Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða forráðamanni að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt. Kattaeigendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem kettir þeirra sannanlega valda. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólögráða barna sinna.

3. gr.

Alla ketti skal merkja með ól um hálsinn, eða á annan sambærilegan hátt, þar sem fram koma upplýsingar um eiganda, heimilisfang og símanúmer.

4. gr.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, með því að hengja bjöllu á ketti og takmarka útiveru katta.

5. gr.

Ketti skal ormahreinsa reglulega, þ.e.a.s. einu sinni á ári eða oftar eftir þörfum. Eigendur katta skulu halda til haga vottorðum um reglulega ormahreinsun katta. Hvatt er til reglulegra bólusetninga katta gegn helstu smitsjúkdómum þeirra.

6. gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna köttinn. Heilbrigðisnefnd, heilbrigðisfulltrúi eða aðili sem hefur sérstakt umboð þeirra getur handsamað ketti. Hafi kattarins ekki verið vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda eða hann aflífaður. Allur kostnaður greiðist af eiganda.

7. gr.

Bæjarstjórn skal gera ráðstafanir til útrýmingar á villiköttum. Slíkar aðgerðir skulu auglýstar á áberandi hátt með a.m.k. einnar viku fyrirvara.

8. gr.

Eigendur katta skulu sæta skriflegri áminningu fyrir brot á samþykkt þessari. Bæjarstjórn er heimilt að banna eða takmarka rétt viðkomandi til að halda kött ef fyrir liggja skriflegar áminningar um ónæði eða hættu sem kötturinn er sannanlega valdur að.

9. gr.

Seltjarnarnesbær annast eftirlit með kattahaldi, samkvæmt samþykkt þessari, undir yfirstjórn heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis. Leita má aðstoðar lögregluþyrvalda ef þörf krefur.

10. gr.

Skrá skal alla ketti í sveitarfélaginu. Við skráningu skal greiða kr. 1.000. Árlega eftir það skal greiða eftirlitsgjald kr. 1.000. Gjaldþagi eftirlitsgjalds er 1. maí ár hvert og eindagi 1. júní.

11. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 17. október 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verslunarminjasafn á Hvammstanga.

1. gr.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun og heitir Verslunarminjasafn á Hvammstanga. Heimili og varnarþing er á Hvammstanga. Stofnendur eru einstaklingar, fyrirtæki, félög og sveitarfélög, sem leggja stofnuninni til stofnfé samkvæmt stofnskrá.

2. gr.

Stofnfé verslunarminjasafnsins er kr. 500.000, sem gengur til endurbóta á húseigninni Brekkugötu 4, Hvammstanga, sem aldrei má skerða.

Eignir stofnunarinnar eru húseignin að Brekkugötu 4 (Pakkhús VSP), safngripir og annað það sem hún síðar kann að eignast fyrir gjöf eða á annan hátt.

Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna stofnunarinnar.

3. gr.

Markmið og hlutverk stofnunarinnar er að varðveita og reka verslunarminjasafn að Brekkugötu 4 á Hvammstanga.

4. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru vaxtatekjur, aðgangseyrir og aðrar rekstrartekjur af minjasafninu, gjafir og hvers konar styrktarfé og önnur framlög sem veitt er viðtöku eða aflað. Tekjum skal einungis ráðstafað til starfsemi skv. 3. gr. skipulagsskrár þessarar.